

73. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs mánudaginn 15. ágúst 2011 kl. 16:30 að Hamraborg 1.

Dagskrá:

1. Flutningar og húsnæðismál
2. Starfsmannamál
3. Starfsemi safnsins
4. Önnur mál

Mættir voru Pétur Hrafn Sigurðsson, Helga Margrét Reinhardsdóttir, Sveinbjörn Svanberg, Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður og Gunnar Marel Hinriksson ritari.

1. Hrafn Sveinbjarnarson fór yfir stöðu mála varðandi undirbúning að flutningi úr Hamraborg 14a og endurbætur á Fannborg 5 og Digranesvegi 7. Stjórnin fór í skoðunarferð um þessi hús að fundi loknum.
2. Tveir starfsmenn verða ráðnir tímabundið og föst staða við safnið verður auglýst þar eð Kristín Stella Lorange lætur af störfum 1. september nk.
3. Flutningamál hafa verið stærsti hluti starfsemi safnsins undanfarið. Gunnar Marel gerði grein fyrir göngu um hernámið í Kópavogi sem farin var 19. júlí sl. undir leiðsögn Guðlaugs R. Guðmundssonar. Gangan heppnaðist afar vel og mættu um 80 manns. Fyrirhugaðar eru fleiri slíkar göngur. Stefnt er að málþingi á næsta ári vegna 350 ára afmælis Kópavogsfundarins. Búið er að panta nýja sendingu af skjalaöskjum. Talað var um innkomin einkaskjalasöfn.
4. Skjalavistunaráætlanir fyrir bæinn voru ræddar.

Fundi slitið kl. 17:25.